



Náttúruverndarstofnun

Davíð Örvar Hansson

Austurvegi 4

860 Hvolsvöllur

Iceland

Garðabær, 20.5.2025

Málsnúmer: 202505-0034

L.Á.

Efni: Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Hverfjall í Mývatnssveit.

Vísað er til tölvubréfs frá Náttúruverndarstofnun, dags. 15. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Hverfjall í Mývatnssveit.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið kemur fram flest það sem viðkemur verndarsvæðinu. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér drögin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Uppfæra þarf kort á bls. 5 og 19 og setja inn mörk friðlýsta svæðisins eftir breytingar á friðlýsingu náttúruvættisins frá 3. desember 2024.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að gönguleið í sunnanverðu Hverfjalli (HV3) verði lögð niður og að ekki verði gönguleið niður í gígskálina. Fram kemur að áætlanir eru um nýjar gönguleiðir bæði í suður- og austurhlíðum fjallsins og mælist Náttúrufræðistofnun gegn því þar sem þær munu marka manngerðar línur í hlíðum fjallsins og eru ekki í samræmi við markmið friðlýsingar að vernda sérstæðar jarðmyndanir og ásýnd svæðisins. Ef tengja á saman Hverfjall, Lúdent og Lúdentborgir með göngustíg er óþarfi að stígurinn liggji yfir Hvefjall og mælist stofnunin til að sú tenging liggji utan við öskugíginn. Eins þarf að huga vel að göngustígum við Lúdent til að vernda það svæði fyrir ágangi ferðamanna og er full þörf á að friðlýsa Lúdent og Lúdentborgir áður en til þessara tengingar kemur.

Náttúrufræðistofnun telur að koma þurfi skýrt fram um leyfisveitendur innan náttúruvættisins t.d. er varðar kvikmyndagerð, ljósmyndun og virðburðarhald. Það er óheppilegt að í upphafi þess kafla í stjórnunar- og verndaráætlun skuli standa „Öll ljósmynda- og kvikmyndaverkefni eru háð leyfi landeiganda“ þegar í auglýsingu náttúruvættisins stendur „Afla skal leyfis [Umhverfisstofnunar] og landeigenda vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan náttúruvættisins sem valda raski á jarðminjum, gróðri eða dýralífi, sbr. 6. og 7. gr.“. Eins þarf að endurskoða að fjarstýrð loftför séu ekki háð takmörkunum innan náttúruvættisins. Fyrir utan ónæði af slíkum loftförum, eru mörg dæmi eru um brotlendingu þeirra sem getur valdið raski á yfirborði öskugígsins þegar eigendur þeirra leitast við að sækja loftförin utan við merktar gönguleiðir.

Í skýrslu Náttúruverndarstofnunar um [ástandsmat Hverfjalls 2023](#) kemur fram að heildareinkunn áfangastaðarins hefur lækkað lítillega frá 2022. Bent er á úrbætur er varða merkingar, vegvísa og fræðsluskilti á svæðinu og eins að bæta þarf talningar á svæðinu. Þar kemur einnig fram að áætlaður heildarfjöldi ferðamanna 2023 séu um 120.000, en ekki er ljóst hvað margir af þeim ganga upp á



Hverfjall. Þessar upplýsingar þarf að nýta betur í stjórnunar- og verndaráætlun og þörf er á að setja teljara við gönguleiðina upp á Hverfjall. Þá þarf að meta þolmörk gönguleiðarinnar og grípa til fjöldatakmarkana ef í ljós kemur að ágangur ferðamanna hefur neikvæð áhrif á jarðmyndanir Hverfjalls.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlun Hverfjalls.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur